

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 64/1985 um mönnunarnefnd.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu efirtalinna aðila:

A. Mönnun fiskiskipa og annarra skipa.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 2 menn til að fjalla um fjölda skipstjórnarmanna, og Vélstjórafélag Íslands tilnefnir 2 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra. Auk þess tilnefnir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands 1 mann tímabundið sem komi frá því félagi skipstjórnarmanna, sem málið varðar hverju sinni. Með sama hætti tilnefnir Vélstjórafélag Íslands 1 mann tímabundið sem komi frá því félagi vélstjóra, sem málið varðar hverju sinni.

Samtök útvegsmanna tilnefna 3 menn í nefndina.

B. Mönnun flutningaskipa, farþegaskipa og varðskipa.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 3 menn til að fjalla um fjölda skipstjórnarmanna, og Vélstjórafélag Íslands tilnefnir 3 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra.

Samtök útgerða tilnefna 3 menn í nefndina.

Með sama hætti skulu tilnefndir varamenn í mönnunarnefnd.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 112 31. desember 1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og lögum nr. 113 31. desember 1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. desember 1991.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjalltadóttir.